

Úrskurður nr. 9/2009.

Kærð er endurákvörðun Tollstjóra á aðflutningsgjöldum af fimm vörusendingum sem innihéldu hugbúnað. Kærandi mótmælti tollflokkun tollstjóra. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda um tollflokkun vörunnar.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 15. desember 2009, kærir L. f.h. A, úrskurð tollstjóra nr. 39/2009 END. Í hinum kærða úrskurði endurákvæðar tollstjóri aðflutningsgjöld af fimm vörusendingum sem fluttar voru inn á árunum 2007- 2008 og innihéldu hugbúnað fyrir tölvu, Autto CAD Architecture aðallega ætlaðan verkfræðingum og arkitektum til nota við hönnunarvinnu, Autodesk Maya ætlað til að búa til ferli í tví- og þrívídd notaður við gerð tölvuleikja og Autodesk-Robot Structural Analysis hugbúnaðarkerfi til að hanna og greina burðarvirki í mannvirkjum. Tollstjóri gerir kröfu um að vara þessi verði tollflokkuð í tnr. 8523.4069. Kærandi gerir kröfu um að málinu verði vísað aftur til tollstjóra þar sem forsendur/gjaldstofn fyrir útreikningi á hinum endurákvörðuðu gjöldum komi ekki fram í úrskurðinum. Til vara er þess krafist að hækkun á gjöldum verði hrundið og að greiddur verði málskostnaður.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi, dags. 27. apríl 2009 s.l. hafi innflytjanda verið tilkynnt að til þess gæti komið að endurákvörðuð yrðu aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum sem innflytjandi, Sigbjörn Jónsson, hafi fengið tollafgreiddar. Sendingarnar eru :

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
A 974 24 01 7 BE BRU D210	07.03.2007
A 974 18 06 8 BE BRU D014	23.06.2008
A 974 23 07 8 BE BRU D017	28.07.2008
A 974 07 02 8 BE BRU D165	14.02.2008
F 451 25 07 8 GB LHR K051	18.08.2008

Þá segir að fyrirhuguð endurákvörðun byggist á eftirfarandi athugasemdum :

1. A 974 24 01 7 BE BRU D210

Reikningur frá CityDATA í Svíþjóð var lagður til grundvallar við tollafgreiðslu sendingarinnar.

Reikningur nr 416910, dags. 23.01.2007, að upphæð EUR 30.636,95

Á ofangreindum reikningi voru eftirfarandi vörur:

<i>IS18507-8000 50-ADT 2007 NLM</i>	<i>EUR</i>	<i>26.242,19.</i>
<i>IS18500-9560 10-ADT Autodesk Subscription</i>	<i>EUR</i>	<i>4.378,27.</i>

Endurskoðunardeild embættis Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd:
8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471

Tollstjóri telur rétt að flokka þessa vöru í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá, en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni:
8523.4069 ---- Annars

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, framangreindum reglum, að breyttu breytanda, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri 8523.4021 hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri 8523.4069 hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Í reit nr 20 á aðflutningsskýrslu (heildarfjárhæð reiknings) var upphæð ranglega skráð við afgreiðslu nr. 1 sem EUR 30.620,00 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 30.636,95.

Í reit aðflutningsskýrslu nr. 22 (Fob-verð í erl. mynt) var einnig færð röng upphæð við afgreiðslu nr. 1.Var EUR 30.526,98 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 30.620,46.

Þá var upphæð og mynt rangt skráð í reit nr 24 á aðflutningsskýrslu (flutningsgjald) sem ISK 8.737,00 en á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 16,49.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

2. A 974 18 06 8 BE BRU D014

Reikningur frá CityDATA í Svíþjóð var lagður til grundvallar við tollafgreiðslu sendingarinnar.

Reikningur nr 428488, dags. 18.06.2008, að upphæð EUR 14.681,20.

Á ofangreindum reikningi voru eftirfarandi vörur:

IS3238- 0001 Maya Complete	EUR	6.486,40.
IS32386-9000 Autodesk Maya Complete	EUR	1.617,50.
IS32386-9005 Autodesk Maya Complete	EUR	4.852,50.
IS32307-9560-P9 Maya Complete	EUR	1.644,80.

Endurskoðunardeild embættis Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafli:

- Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd:
8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471

Rétt tollflokkun að mati endurskoðunardeildar embættis Tollstjóra er hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafli:

- Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni:
8523.4069 ---- Annars

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafa og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir

verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri 8523.4021 hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs-og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri 8523.4069 hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs-og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Í reit nr 20 á aðflutningsskýrslu (heildarfjárhæð reiknings) var upphæð ranglega skráð við afgreiðslu nr 1 sem EUR 14.601,00 en á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 14.681,20.

Í reit nr 22 á aðflutningsskýrslu (Fob-verð í erl. mynt) var einnig færð röng upphæð við afgreiðslu nr. 1.Var EUR 13.009,49 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 14.601,20

Þá var upphæð og mynt rangt skráð í reit nr. 24 á aðflutningsskýrslu (flutningsgjald) sem EUR 1.445,50 en á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 80,00.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

3. A 974 23 07 8 BE BRU D017

Reikningur frá CityDATA í Svíþjóð var lagður til grundvallar við tollafgreiðslu sendingarinnar.

Reikningur nr 429361, dags. 23.07.2008, að upphæð EUR 41.757,00.

Á ofangreindum reikningi voru eftirfarandi vörur:

IS18509-8000-20 AutoCad Architecture	EUR 3.916,60.
IS18509-8005-20 AutoCad Architecture	EUR 35.249,40.
IS18500-9560-P6 ACAD/A – Autodesk Subscription	EUR 2.521,00.

Endurskoðunardeild embættis Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- *Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471*

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar embættis Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- *Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni:
8523.4069 ---- Annars*

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá. Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrisagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri 8523.4021 hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri 8523.4069 hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Í reit nr 22 á aðflutningsskýrslu (Fob-verð í erl. mynt) var einnig færð röng upphæð við afgreiðslu nr. 1. Var EUR 37.205,49 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 41.687,00.

Þá var upphæð og mynt rangt skráð í reit nr. 24 á aðflutningsskýrslu (flutningsgjald) sem EUR 4.133,94 en hún á samkv. vörureikningi að vera EUR 70,00.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

4. A 974 07 02 8 BE BRU D165

Reikningur frá CityDATA í Svíþjóð var lagður til grundvallar við tollafgreiðslu sendingarinnar.

Reikningur nr 425580, dags. 06.02.2008, að upphæð EUR 17.762,80.

Á ofangreindum reikningi voru eftirfarandi vörur:

IS18509-8000-20 AutoCad Architecture	EUR	3.916,60.
IS18509-8005-20 AutoCad Architecture	EUR	11.749,80.
IS18500-9560 AutoCAD/A Autodesk Subscription	EUR	2.016,40.

Endurskoðunardeild embættis Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- Optískir miðlar, - - Áteknir, - - - Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 - - - - Fyrir vélar í nr 8471

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar embættis Tollstjóra hins vegar í tollskrárnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:

- Optískir miðlar, - - Áteknir, - - - Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 - - - - Annars

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskrárnúmeri 8523.4021 hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskrárnúmeri 8523.4069 hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Í reit nr. 20 á aðflutningsskýrslu (heildarfjárhæð reiknings) var upphæð ranglega skráð við afgreiðslu nr 1 sem EUR 17.682,00 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 17.762,80.

Í reit aðflutningsskýrslu nr. 22 (Fob-verð í erl. mynt) var einnig færð röng upphæð við afgreiðslu nr.1. Var EUR 15.754,66 en hún á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 17.682,80.

Þá var upphæð og mynt rangt skráð í reit nr. 24 á aðflutningsskýrslu (flutningsgjald) sem EUR 1.750,52 en á samkvæmt vörureikningi að vera EUR 80,00.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

5. F 451 25 07 8 GB LHR K051

Við tollafgreiðslu ofangreindrar sendingar var notaður Pro forma reikningur frá fyrirtækinu Autodesk Development S.A.R.L., dags. 24.07.2008. Upphæð reiknings er EUR 17.999,69.

Engin heimild er til notkunar Proforma reikning við tollafgreiðslu þegar um svo háa upphæð er að ræða (ISK 2.268.681,00) en í 1. tölul. 1. mgr. 28 gr. tollalaga nr 88/2005 segir:

28. gr.

Fylgiskjöl með aðflutningsskýrslum.

1. *Vörureikningur: Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. er tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskiptareikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er auqljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, t.d. þegar um persónulega muni er að ræða.*

Reikningur sem nota á til grundvallar við tollafgreiðslu er eftirgreindur vörureikningur frá fyrirtækinu Autodesk AB í Svíþjóð.

Reikningur nr. 9480818791, dags. 24.07.2008 að upphæð EUR 20.249,68.

Á ofangreindum reikningi voru eftirfarandi vörur:

539NO-05A209-1011 PACKUNL V.21 EN DVD NW	EUR	11.999,79
539NO-000111-S001 PACKUNL V.21 SUB	EUR	1.500,00
539NO-05A209-1011 PACKUNL V.21 EN DVD NW	EUR	5.999,89
539NO-000111-S001 PACKUNL V.21 SUB	EUR	750,00

Endurskoðunardeild embættis Tollstjóra telur að innflytjandi hafi ranglega tollflokkað ofangreinda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafli:

- *Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 ---- Fyrir vélar í nr 8471*

Rétt tollflokkun er að mati endurskoðunardeildar embættis Tollstjóra hins vegar tollskránnúmer 8523.4069, skv. tollskrá en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- *Optískir miðlar, -- Áteknir, --- Aðrir optískir diskar með erlendu efni: 8523.4069 ---- Annars*

Niðurstöður tollskrárflokkunar þessarar eru byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá.

Skv. túlkunarreglu nr 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6 túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Gjaldamunur:

Á tollskránnúmeri 8523.4021 hvílir:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).

Á tollskránnúmeri 8523.4069 hvílir hins vegar:

- 24,5% virðisaukaskattur.
- Úrvinnslugjald af pappa/pappírs- og plastumbúðum (BV og BX gjöld).
- A – tollur 10%.

Með vísan til framangreinds er því samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að innflytjanda hafi verið gefinn frestur til andmæla og framlagningu gagna eftir því sem við gæti átt. Lögmaður hafði samband við tollstjóra f.h. innflytjanda og verður hann nefndur kærandi hér eftir.

Tollstjóri gaf innflytjanda frest til 15. maí 2009 til andmæla og framlagningar gagna eftir því sem við gæti átt. Andmæli bárust síðan þann 16. september. Þar mótmælir innflytjandi fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda m.a. með þeim rökum að umræddur hugbúnaður, AutoCad Architecture (hét áður ADT), Autodesk Maya og Autodesk – Robot Structural Analysis) séu í sjálfu sér

nákvæmlega það sama og ritvinnsluferfið Word og töflureiknirinn Excel, þ.e. hugbúnaður sem notandinn hagnýtir sér til að skapa eitthvað.

Tollstjóri hafnar því álit og segir að hugbúnaður sá sem hér er til umfjöllunar sé mjög frábrugðinn Word og Excel. Word er fyrst og fremst ritvinnsluforrit þar sem unnið er með texta. Excel töflureiknir er hentugt forrit við ýmiss konar talnameðferð. Forritið byggist á töflu þar sem hægt er að setja tölur og texta í þar til gerða reiti. AutoCAD Architecture sé hins vegar hugbúnaður ætlaður arkitektum og verkfræðingum til nota við hönnunarvinnu, gerð uppdratta, teikninga og þess háttar. Það er því augljóst að hugbúnaðurinn tekur mynd, sem stýrir tollflokuninni í tnr.8523.4069. Autodesk Maya sé hugbúnaður til að búa til ferli í tví- og þrívídd (2D og 3D) sem síðan eru notuð m.a. við gerð tölvuleikja. Hugbúnaðurinn tekur mynd, sem stýrir tollflokuninni í tnr. 8523.4069. Autodesk – Robot Structural Analysis sé hugbúnaðarkerfi til að hanna og greina burðarvirki í mannvirkjum og flokkist eins og þau tvö sem nefnd eru hér að ofan þ.e. í tnr. 8523.4069.

Þá kemur fram í andmælum kæranda að hann telji augljóst að tollflokkar 8523.4061,-4062,-4063-4064-4069 eigi við erlent efni sem hefur verið endanlega skapað og brennt á optískan disk sem neytandinn noti ekki til annars en að hlusta á, lesa af o.sfrv. þ.e. “fullunnið endapródúkt”. Hugbúnaðurinn sé hins vegar hjálpartól fyrir arkitekta og verkfræðinga og sé tól til að skapa eða til gagnavinnslu/- úrvinnslu, ætlað til nota í gagnavinnsluvélum sem flokkist í tnr. 8471. Í þessu sambandi bendir kærandi á að burðarþolsteikning, lagnateikning og eða arkitektateikning sé ekki það sama og mynd.

Tollstjóri hafnar þessu álit kæranda og bendir á túlkunarreglu nr. 2 a. við tollskrá en þar segir: „Þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum“. Hér komi greinilega fram að fullgerð og ófullgerð vara tollflokka á sama hátt.

Að mati Tollstjóra er umrædd vara optískur diskur með erlendu efni. Hún inniheldur ekki tónlist, leiki, kennsluefni, eða hljóðupptökum af lestri bóka og tollflokka þar með í tollskrárnúmer 8523.4069 skv. túlkunarreglum nr 1 og 6 við tollskrá.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að Innflytjandi hafi tollflokkað umrædda vöru í tollskrárnúmer 8523.4021 en þar segir:

8523 - *Diskar, bönd, geymin hálfleiðaraminni (solid-state non-volatile storage devices), gjörvakort (smart cards) og aðrir miðlar til upptöku á hljóði eða öðrum merkjum, einnig átekið, þar með talin mót og frumgerðir (masters) til framleiðslu á diskum, þó ekki vörur í 37. kafla:*

- *Optískir miðlar, - - Áteknir, - - - Til endurskila á öðrum merkjum en hljóði og mynd: 8523.4021 - - - - Fyrir vélar í nr 8471*

Þarna komi greinilega fram að vara sem flokkast í umrætt tollskrárnúmer taki hvorki hljóð eða mynd. Vara sem færi í þetta númer er t.d. ritvinnsluferfið Word og töflureiknirinn Excel. Hin vinnandi hluti

hugbúnaðarins (myndin) stýrir tollflokkuninni í tollskrárnúmer 8523.4069 skv. túlkunarreglum nr 1 og 6 við tollskrá.

Með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli fyrirsvarsmanns fyrirtækisins. Boðaðar breytingar koma því til framkvæmda með úrskurði þessum.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Hann endurákvæðir því aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 111. gr. tollalaga nr. 88/2005. Gjaldþagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 7. mgr. 120. gr. tollalaga. Um dráttarvexti fer skv. 1. mgr. 125. gr. tollalaga, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Þegar fyrirhuguð endurákvörðun er byggð á 111. gr. verða dráttarvextir þó einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar A 974 24 01 7 BE BRU D210 eru sem hér segir:

A – tollur 10%	kr.	287.773,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	70.895,00
Dráttarvextir til 16.10.2009	kr.	<u>24.060,00</u>
<u>Samtals</u>	kr.	<u>382.728,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar A 974 18 06 8 BE BRU D014 eru sem hér segir:

A – tollur 10%	kr.	181.100,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	51.139,00
<u>Dráttarvextir til 16.10.2009</u>	kr.	<u>15.675,00</u>
<u>Samtals</u>	kr.	<u>247.914,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar A 974 23 07 8 BE BRU D017 eru sem hér segir:

A – tollur 10%	kr.	530.387,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	142.811,00
<u>Dráttarvextir til 16.10.2009</u>	kr.	<u>45.440,00</u>
<u>Samtals</u>	kr.	<u>718.638,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar A 974 07 02 8 BE BRU D165 eru sem hér segir:

A – tollur 10%	kr.	172.938,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	48.455,00
<u>Dráttarvextir til 16.10.2009</u>	kr.	<u>14.943,00</u>
<u>Samtals</u>	kr.	<u>236.336,00</u>

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 451 25 07 8 GB LHR K051 eru sem hér segir:

A – tollur 10%	kr. 257.936,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr. 132.674,00
<u>Dráttarvextir til 16.10.2009</u>	<u>kr. 26.691,00</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 417.301,00</u>

Samtals til greiðslu ISK 2.002.917,00

Í kæru lögmanns kæranda (hér eftir kærandi) eru málavextir raktir. Kærandi gerir aðalkröfu um að málinu verði vísað aftur til tollstjóra þar sem ekki sé ljóst hvernig gjaldstofn fyrir hinni endurákvörðuðu kröfu sé reiknaður, auk þess sem ekki sé tiltekið nákvæmlega hver dagafjöldi sé að baki útreiknings virðisaukaskatts. Til vara krefst kærandi þess að endurákvörðuninni verði hrundið þar sem tollflokkan umbjóðanda hans á vörunni sé rétt. Kærandi krefst þess í báðum tilfellum að honum verði greiddur málskostnaður úr ríkissjóði.

Kærandi mótmælir fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda m.a. með þeim rökum að umræddur hugbúnaður, AutoCad Architecture (hét áður ADT) en um sé að ræða hugbúnað sem sérstaklega sé ætlaður arkitektum, verkfræðingum og tengdum starfsstéttum til að nota við hönnunarvinnu, gerð uppdráttar og teikninga.

Autodesk Maya sé ætlaður aðilum til að búa til ferli í tví- og þrívídd sem síðan séu notuð við gerð tölvuleikja og teiknimynda. Til að mynda sé þessi hugbúnaður notaður af fyrirtækinu CCP við gerð á framleiðslu sinni. Þá noti kvikmyndagerðarmenn og listamenn hugbúnaðinn við sköpun sína.

Autodesk– Robot Structural Analysis sé hugbúnaður til nota við hann, greina burðarvirki í mannvirkjum.

Þá segir kærandi að hugbúnaður þessi sé í sjálfu sér nákvæmlega það sama og ritvinnslukerfið Word og töflureiknirinn Excel, þ.e. hugbúnaður sem notandinn hagnýtir sér til að skapa eitthvað, þ.e. við einhvers konar hönnun og vinnu fagmanna og sé eins og hvert annað vinnutól í tölvu. Því beri að tollflokka vöruna í tnr. 8523.4021.

Þegar umrædd vara sé seld þá eru seld leyfi til sérfræðinga, s.s. verkfræðinga og arkitekta til að nota hugbúnaðinn. Hugbúnaðurinn sér því ekki eign “ kaupandans” heldur greiði hann fyrir leyfi/afnot og þurfi að endurnýja leyfin reglulega. Greitt sé sérstaklega fyrir að fá nýjar uppfærslur og viðbætur við hugbúnaðarkerfin. Því sé fjarlæggt að fella hugbúnað þann sem málið snýst um undir tollflokk 8523.4069 að mati kæranda. Kærandi telur það augljóst að tollflokkar 8523.4061, -4062, -4063, -4064 og -4069, eigi við erlent efni sem hefur verið endanlega skapað og brennt á optiskan disk, sem „neitandinn“ notar ekki til annars en að hlusta á, lesa af o.sfrv. – „fullunnið endapródúkt”.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi dags. 16. janúar 2010. Tollstjóri óskaði eftir lengri fresti og var honum veittur frestur til 20. febrúar 2010. Í svari tollstjóra sem barst nefndinni þann 24.febrúar s.l. segir m.a. varðandi athugasemdir kæranda, að tollflokkan fari eftir ákveðnum

formbundnum reglum. Lögbundið sé að færa skal vöru til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar. Tollskráin er birt sem viðauki I við tollalög nr. 88/2005 og er gerð í samræmi við vörunúmeraskrá Alþjóðatollastofnunarinnar. Reglur um túlkun skrárinnar eru birtar fremst í skránni. Meginreglan sé sú að tollflokkun skuli byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka. Einnig skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða, byggð á orðalagi undirliða og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði skv. túlkunarreglu 6. fremst í tollskránni. Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörunúmerskrá sem tók gildi 1. janúar 1988. Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokkunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988. Tollskráin og túlkunarreglur hennar sé birt sem viðauki I við lögina. Þá hafi Alþjóðatollastofnunin umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hafi í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans og ákvarðað tollflokkun vöru þegar ágreiningur er milli aðildarríkjanna og beri að líta til skýringargagna stofnunarinnar í tollflokkun.

Með vísan til ofangreinds sé ekki hægt að taka til greina kröfur kæranda að mati tollstjóra. Tollyfirvöldum beri skylda lögum samkvæmt að tollflokka vörur í tollskrárnúmer í samræmi við texta tollskrár og túlkunarreglna tollskrár, óháð því hvaða gjöld leggjast á vörur í hverjum tollflokki. Tollstjóri telur að ofangreindar vörur falli ekki undir tollskrárnúmer 8523.4021, þar sem í þessu tollskrárnúmeri á samkvæmt orðalagi þess ekki að vera neitt myndrænt efni. Í vörukynningu á heimasíðu fyrirtækisins Autodesk komi fram að í hugbúnaðinum sé að miklu leyti til notast við myndrænt efni. Um sé að ræða diska, sem hafa verið ritaðir með hugbúnaði, sem notaður sé við myndræna vinnslu arkitekta og verkfræðinga. Samkvæmt túlkunarreglu nr. 1 við tollskrá eru fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, sbr. túlkunarreglu 6 við tollskrá. Það er því álit embættis Tollstjóra að ofangreind sending skuli flokkast í tollskrárnúmer 8523.4069 eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði. Embætti Tollstjóra krefst þess að hinn kærði úrskurður um endurákvörðun nr. 39/2009 verði staðfestur.

Umsögn tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi dags. 26. febrúar 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 22. mars s.á. ítrekar kærandi fyrri kröfur um tollflokkun vörunnar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram, þá hefur nefndin leitað sérfræðiálits um vöru þá sem hér er deilt um tollflokkun á.

Áður en málið er tekið til efnislegrar úrlausnar skal tekin afstaða til frávísunarkröfu kæranda. Kærandi byggir frávísunarkröfu sína á því að forsendur/gjaldstofn tollstjóra fyrir útreikningi á hinum endurákvörðuðu gjöldum komi ekki fram í úrskurði tollstjóra. Ríkistollanefnd getur ekki fallist á þessi sjónarmið kæranda. Tollstjóri færir fram rök í forsendum úrskurðar síns fyrir breyttri tollflokkun vörunnar. Af breyttri tollflokkun leiðir ný gjaldtaka í samræmi við skipun vörunnar í tollflokk. Þegar af þessum ástæðum er frávísunarkröfu kæranda hafnað.

Við skoðun og lestur á tækniupplýsingum er ljóst að um er að ræða efni á geisladiskum sem inniheldur hugbúnað tilbúinn til notkunar við hönnun, og framleiðslu gagna til seinni nota við gerð hreyfílkana, t.d. í tölvuleikjum en hann er eftirfarandi:

IS18507-8000-50 ADT 2007 NLM
IS18500-9560-10 ADT Autodesk Subscription
IS18509-8000-20 AutoCad Architecture
IS18509-8005-20 Autocad Architecture
Hugbúnaður til að gera arkitekta- og verkfræðiteikningar.

IS32386-0001 Maya Complete
IS32386-9000 Autodesk Maya Complete
IS32386-9005 Autodesk Maya Complete
IS32307-9560-P9 Maya Complete
Hugbúnaður til að búa til ferli í tví- og þrívídd sem síðan eru notuð, m.a. við gerð tölvuleikja.

IS18500-9560-P6 ACAD/A Autodesk Subscription
539NO-05A209-1011 PACKUNL V.21 EN DVD NW
539NO-000111-S001 PACKUNL V.21 SUB
Hugbúnaður til að hanna og greina burðarvirki í mannvirkjum.

Mikill tæknilegur munur getur verið á innihaldi geisladiska með stafrænu „efni“. Svo mikill að það sameiginlega er einungis stafræn geymslutækni byggð á tvíundarkerfi og skipulagi skráarkerfis á diskunum. Skrárnar sjálfar geta hins vegar verið gerólíkar hvað varðar eðli og innihald.

Stafrænar skrár á diskum geta innihaldið fullunnið efni sem geymt er á staðlaðan hátt og ætlað er til afspilunar, til beinnar útprentunar eða í formi áhorfs, hlustunar eða hvoru tveggja í einu. Stafrænar skrár á diskum geta einnig innihaldið forrit sem ætluð eru til afspilunar inn á tölvu og vinna þar sem verkfæri, Microsoft Word, Excel, Autodesk Autocad osfrv.

Við tæknilega skoðun á því efni sem er á umræddum diskum sbr. gróf lýsing hér að ofan, er greinilegt að þar er „efnið“ ekki í líkingu við fullunnið efni tilbúið til afspilunar sem hljóð, mynd eða hvoru tveggja. Á diskunum er fjöldi hugbúnaðar sem eru sérstök verkfæri til að nota við hönnun mannvirkja, hugbúnaður til útfærslu hreyfiferla í tví- og þrívídd og hugbúnaður til greiningar burðarvirkja.

Gögn frá þessum hugbúnaði eru í formi sérhæfðra stafrænna gagna sem notuð eru inn í annan hugbúnað til frekari vinnslu og/eða til prentunar.

Efnið á diskunum er því í eðli sínu sambærilegt við hugbúnað til ýmiss konar notkunar líkt og Microsoft Word, Excel, teiknihönnunarkerfi, Adobe Photoshop osfrv. Það er val notanda hverju sinni hversu myndræna framsetningu hann kys hverju sinni. Að mati nefndarmanna er ógerningur að ákvarða fyrirfram í tollmeðferð vörunnar um myndræna framsetningu hennar eins og fram kemur í rökstuðningi tollstjóra en hann vísar til túlkunarreglu 2 a. við tollskrá og telur að hún eigi við þessa vöru. Ríkistollanefnd er ekki sammála þeirri röksemd tollstjóra. Í raun er hér um að ræða fullbúna vöru sem hægt er að breyta. Túlkunarregla 2 a. á því ekki við hér. Um er að ræða hugbúnað í formi

stafrænna gagna sem notast í tengslum við tölvur og annan hugbúnað. Það er samdóma álit nefndarmanna að tollflokka beri vöru þessa í tnr. 8523.4021.

Ríkistollanefnd fellst því ekki á rök tollstjóra um að túlkunarregla nr. 2 a. við tollskrá eigi hér við. Um er að ræða hugbúnað í formi stafrænna gagna sem notast í tengslum við tölvur og annan hugbúnað. Það er samdóma álit nefndarmanna að tollflokka beri vöru þessa í tnr. 8523.4021.

Kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar er hafnað. Ekki er í tollalögum, né hægt að leiða af örðum lögum, heimild til að úrskurða um greiðslu málskostnaðar í málum sem rekin eru fyrir ríkistollanefnd.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð: Frávísunarkröfu kæranda er hafnað. Kröfu kærandi um greiðslu málskostnaðar er hafnað. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, er hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 39/2009 END um tollflokun á hugbúnaði sem fluttur var inn í sendingum A 974 24 01 7 BE BRU D210 A 974 18 06 8 BE BRU D014, A 974 23 07 8 BE BRU D017, A 974 07 02 8 BE BRU D165 og F 451 25 07 8 GB LHR K051 felldur úr gildi. Vöru þessa ber að flokka í tnr. 8523.4021.

a